

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2023, miðvikudagurinn, 15. mars, var haldinn 32. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Menningarmiðstöðinni í Úlfarsárdal og hófst kl. 16.03. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Stefán Pálsson, Björn Ingi Björnsson, Ellen Ellertsdóttir, Heiða Björk Júlíusdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Sara Björg Sigurðardóttir. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram að nýju bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2023 með beiðni um umsögn ásamt skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals-, og Sæmundarskóla, sbr. 5. liður fundargerðar ráðsins frá 15. mars 2023. Jafnframt lögð fram drög að umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 15. mars. 2023. SFS22040092
Samþykkt.

Fulltrúi Samfylkingar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingar tekur undir mikilvægi þess að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri en á sama tíma þarf að horfa til íbúapróunar innan hverfisins, samnýtingu húsnæðis og mannvirkja í anda Græna plansins, skynsamlegri ráðstöfun fjármuna og faglegum sjónarmiðum kennslu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Enn og aftur fara meirihlutflokkarnir í borgarstjórn af stað með hugmyndir um breytingar á skólahlaldi í eystri byggðum borgarinnar sem valda uppnámi og óvissu. Íbúar hafa mátt þola töluverða röskun á skólastarfi á uppbyggingarárum hverfisins og því óskiljanlegt þegar loksins er kominn stöðugleiki í skólamálanum að verið sé að koma þeim í uppnám og valda foreldrum og starfsfólki skólanna áhyggjum. Aukin íbúafjölgun til framtíðar gæti kallað á byggingu nýs skóla en þá er mikilvægt að gott samráð verði haft við íbúa hverfisins um þróun skólastarfsins.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 22. febrúar 2023, um uppstillingu kjörseðils í Grafarholti og Úlfarsárdal fyrir Hverfið mitt ásamt fylgiskjölum. MSS22020075
Samþykkt að óska eftir að eftirtalin verkefni fari á kjörseðil fyrir hverfiskosningar í Hverfið mitt næstkomandi haust:
 1. Hoppubelg við Ingunnarskóla
 2. Gosbrunnur
 3. Útisvæði fyrir allan aldur
 4. Gervigras á malbikaða vellinum (Sæmundarskóli)
 5. Aðstaða til að pumpa í dekk á hjólum
 6. Göngustígur Vínlandsleið
 7. Grillstæði
 8. Stígur milli bílastæðis við Reynisvatns og matjurtagarða
 9. Endurnýja leiksvæðið á milli Gvendargeisla og Biskupsgötu
 10. Skrúðgarður milli hverfa

Með vísan til 7. gr. samþykktar um íbúaráð fer umræða undir þessum lið fram fyrir luktum dyrum.

Eiríkur Búi Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 17:19

Stefán Pálsson

Sara Björg Sigurðardóttir
Marta Guðjónsdóttir
Heiða Björk Júlíusdóttir

Björn Ingi Björnsson
Ellen Ellertsdóttir